

Minnisblað

Mál: 2208659 – Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2023 og 2024-2026, fyrri umræða

Til: Bæjarráðs

Dags: 6. desember 2022

Við fyrri umræðu um fjárhagsáætlun á fundi bæjarstjórnar þann 9. nóvember sl. óskaði fulltrúi Viðreisnar eftir því að tekið yrði saman álit á því hvort heimilt væri að lækka fráveitugjald og vatnsgjald en hafa hlutfall fasteignaskatts óbreytt. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að heildarálagning fasteignagjalda á íbúðarhúsnæði lækki og fari úr 0,744% í 0,704% milli ára. Álagningarhlutfall fasteignaskatts verði óbreytt en álagningarhlutföll vatnsgjalda og fráveitugjalda lækki í hlutfalli við hækkun á fasteignamati að frádreginni verðlagsþróun.

Um fráveitur og rekstur þeirra gilda lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 9/2009 er heimilt að innheimta fráveitugjald af öllum fasteignum sem tengdar eru eða munu tengjast fráveitu sveitarfélags. Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. skal stjórn fráveitu semja gjaldskrá þar sem kveðið er nánar á um greiðslu og innheimtu gjaldanna. Í 2. mgr. 15. gr. laganna segir að miðað skuli við að fráveitugjald ásamt öðrum tekjum fráveitu standi undir rekstri hennar, þ.m.t. fjármagnskostnaði, viðtakarannsóknnum og vöktun og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar.

Um rekstur vatnsveitna gilda lög nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga. Um gjaldskrá vatnsveitu er fjallað í 10. gr. laganna og í 1. mgr. greinarinnar segir að stjórn vatnsveitu skuli semja gjaldskrá þar sem kveðið er nánar á um greiðslu og innheimtu gjalda. Miðað skal við að vatnsgjald ásamt öðrum tekjum vatnsveitu standi undir rekstri hennar, þ.m.t. fjármagnskostnaði og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar, ásamt kostnaði við að standa undir þeirri skyldu veitunnar að tryggja nægilegt vatn og vatnsþrýsting til slökkvistarfs og fyrir sérstakan slökkvibúnað þar sem hans er krafist.

Bæði fráveitugjald og vatnsveitugjald skal vera hlutfall af fasteignamati fasteignarinnar í heild, þó aldrei hærra en 0,5% af heildarmatsverði hennar.

Gjald sem innheimt er í samræmi við framangreint telst vera vera þjónustugjald og skilgreint sem svo að þar sé átt við greiðslu, venjulega peningagreiðslu, sem tilteknir hópar einstaklinga eða lögaðila verða að gjalda hinu opinbera eða öðrum sem hafa heimild til að taka við henni fyrir sérgreint endurgjald sem látið er í té og er greiðslunni ætla að standa að hluta eða að öllu leyti undir kostnaði við endurgjaldið. Í samræmi við þá grundvallarreglu að stjórnsýslan sé lögbundin verður slíkt gjald ekki innheimt án heimildar í lögum og þá eingöngu til að standa straum af þeim kostnaði sem almennt hlýst af því að veita þá þjónustu sem gjaldtökuheimildin nær til. Almennt þarf ákvörðun um fjárhæð þjónustugjalds að vera byggð á traustum útreikningi eða skynsamlegri áætlun á þeim kostnaði sem hlýst af því að veita umrædda þjónustu.



HAFNARFJÖRÐUR

Í greinargerð með fjárhagsáætlun er sérstaklega fjallað um rekstur fráveitu og vatnsveitu. Þar er gert ráð fyrir að rekstur fráveitu verði í meginatriðum óbreyttur frá fyrra ári. Áætlaðar heildartekjur fráveitu hækka þó á milli ára vegna hækkunar á fasteignamati, þ.á.m. vegna aukins byggingamagns. Lækkun álagningarhlutfalls fráveitugjalds á íbúðarhúsnæði vegur móti hækkun á álagningarstofni. Að auki er gert ráð fyrir hækkun á launakostnaði í rekstri fráveitunnar.

Þá er í meginatriðum gert ráð fyrir óbreyttum rekstri vatnsveitu frá fyrra ári en þó þannig að tekjur af vatnsgjaldi á íbúðarhúsnæði lækki en vatnsgjald á stórnotendur hækki. Upplýsingar um áætlaðan rekstur og sjóðstreymi veitnanna er að finna í fjárhagsáætlun fyrir árið 2023.

Samkvæmt því sem að framan er rakið er fyrirhuguð álagning vatns- og fráveitugjalda innan þeirra marka sem sett eru í lögum og stendur undir þeim kostnaði við rekstur og uppbyggingu fráveitu og vatnsveitu sem taka má tillit til lögum samkvæmt.

Ívar Bragason
bæjarlögmaður

Guðmundur Sverrisson
staðgengill sviðsstjóra fjármálasviðs